



KÓPAVOGSBÆR

Alþingi
Erindi nr. P 131/528
komudagur 7.12.2004

Umhverfisnefnd,
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Kópavogi 30. nóvember 2004.

Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 og skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Með tilvísan í ofangreint frumvarp vilja bæjaryfirvöld í Kópavogi ítreka eftirfarandi þætti sem fram komu í umsögn dags. 25. febrúar 2004:

a.

Mikilvægt er að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála **verði gert kleift** að "kveða upp úrskurði sína svo fljótt sem auðið er". Í núgildandi lögum er miðað við að nefndin hafi tveggja mánaða frest til að úrskurða í innsendum málum, en eins og fram hefur komið er meðalafgreiðslutími nefndarinnar mun lengri, - var um tíma tvö ár. Slíkur seinagangur er bagalegur fyrir þann sem óskar eftir úrskurði nefndarinnar og með öllu óþolandi fyrir framkvæmdaðila þar sem hagsmunir eru e.t.v. hvað mestir. Hér er jafnframt um brot á málshraðareglum stjórnsýslulaga og ber ekki vott um góða opinbera stjórnsýslu.

Bæjaryfirvöld hafa bent á nauðsyn þess að inn í frumvarpið komi ákvæði þar sem mál, sem skotið hefur verið til úrskurðar nefndarinnar, **falli niður**, ef nefndin hefur ekki náð að úrskurða í málinu innan lögboðins frests.

Þess eru dæmi að aðilar leggi fram kæru til nefndarinnar, sem ekki eiga lögvarinn rétt í því máli sem kært er. Slíkum tilbúningi er nauðsynlegt að vísa frá nefndinni svo hann teffi ekki afgreiðslu mála. Því er mikilvægt að í frumvarpinu komi inn ákvæði sem útskýri, svo glögg sé, þennan **lögvarða rétt**. Bæjaryfirvöld hafa jafnframt varpað fram þeirri hugmynd að þeir sem leggja mál fyrir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála þurfi einnig að **leggja fram tryggingu** sem framkvæmdaðili geti gengið að ef hann verður fyrir tjóni, ef í ljós kemur að kæran hafi ekki verið á rökum reist.

b.


Bæjaryfirvöld telja að frumvarpið komi til með að auka **útgjöld sveitarfélaga** umtalsvert. Felast þau einkum í þeirri sérfræðipjónustu sem tengist gerð umhverfismatsins. Ekki verður af frumvarpinu ráðið á hvern hátt koma á til móts við sveitarfélögin hvað þetta varðar, sérstaklega þau fámennari.

c.

Bæjaryfirvöld mæla enn og aftur gegn því að **liðum a og b sé bætt við í lið f í 2. viðauka** frumvarpsins. Bæjaryfirvöld telja óþarft að unnið sé sérstakt mat á umhverfisáhrifum fyrir

iðnaðarframkvæmdir sem taka til stærra svæðis en 15 ha (liður a) eða fyrir byggingu verslunarmiðstöðva sem eru stærri en 10.000 m² að flatarmáli og byggingu bílastæðishúsa fyrir fleiri en 400 stæði (liður b). Umhverfisáhrif þessara þátta eru könnuð á skipulagsstigi og því yrði um endurtekningu að ræða ef meta á umhverfisáhrif þessara framkvæmda jafnframt. En ef talið er nauðsynlegt að hafa stærðarákvæði hvað varðar verslunarmiðstöðvar þá vilja bæjaryfirvöld ítreka þá skoðun sína að miðað verði við 30.000 m² markið.

Fh. Kópavogsbæjar.



Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri.